

Gagnatorg veðurupplýsinga

Gagnatorg veðurupplýsinga er vefkerfi sem gerir netnotendum kleift að velja, skoða og vista veðurupplýsingar með mjög einföldum hætti. Frumútgáfa gagnatorgsins inniheldur eingöngu veðurmælingar úr gagnasafni Veðurstofu Íslands. Elstu mæliraðir ná aftur til ársins 1931 en rauntímamælingar eru uppfærðar einu sinni á sólarhring. Engir tæknilegir örðugleikar eru á því að birta jafnframt veðurupplýsingar sem safnað er af öðrum aðilum. Hér er einkum vísað til veðurmælinga Vegagerðarinnar, Landsvirkjunar, Siglingastofnunar og Flugstoða. Á sama máta eru engar tæknilegar hindranir við að birta veðurmælingar erlendis frá.

Notkun gagnatorgsins er einfaldur tveggja skrefa ferill:

1. Val á þeim gögnum sem óskað er eftir. Hér velur notandinn tímabil, veðurstöðvar og þær mælibreytur sem hann hefur áhuga á að sjá.
2. Skoðun eða úttak á völdum gögnum. Hér getur notandinn skoðað gögnin, ýmist sem myndrit eða töflu, raðað gögnunum eftir mælistærðum, þysjað myndritið inn að þrengra tímabili og fleira.

Torgið getur nýst hverjum þeim sem hefur áhuga á að skoða eða vinna frekar með veðurgögn hverskonar. Hingað til hafa þessi gögn ekki verið aðgengileg almenningi á einfaldan hátt.

Torginu fylgir jafnframt forritunarviðmót sem auðveldar tengingu þessarra gagna við önnur hugbúnaðarkerfi.

Með einföldum hætti mætti uppfæra gagnatorgið á þann veg að hægt væri að velja veðurspár Belgings¹ fyrir ákveðin svæði, punkta eða ferla.

Aðstandendur gagnatorgsins, sprotafyrirtækin DataMarket og Reiknistofa í veðurfræði², er sannfærðir um að það muni nýtast mörgum. Má þar nefna við kennslu í náttúrufræði og stærðfræði á grunn- og framhaldsskólastigum, áhugafólki um veðurfræði og samfélaginu öllu á margan þann hátt sem ekki er séð fyrir nú.

Myndir á næstu síðum sýna hvernig dæmigerð mæliröð er valin, í þessu tilviki mældur klukkustundar meðalvindhraði í Reykjavík síðustu tólf mánuði.

1 Reiknistofa í veðurfræði reiknar daglega veðurspár fyrir N-Atlantshafið, Grænland, Ísland, Færeyjar og V-Noreg. Spárnar eru birtar gjaldfrjálst á vefnum www.belgingur.is og eru uppfærðar fjórum sinnum á dag.

2 Nánari upplýsingar um fyrirtækin er að finna á heimasíðum þeirra, www.datamarket.net og www.riv.is.

Gagnatorg veðurupplýsinga

Einfalt viðmót


Fullt viðmót

Tímabil

Frá 1. 9. 2008 Til 1. 9. 2009 Tíðni Klukkustund

Áfram

Veðurstöðvar



- ☒ Reykjavík (1)
- ☐ Staðholtsey (108)
- ☐ Stykkishólmur (178)
- ☐ Bolungarvík (252)
- ☐ Skaffafell (6499)
- ☐ Bergstaðir (361)
- ☐ Akureyri (422)
- ☐ Staðarhölt (473)
- ☐ Rauðarhöfn (505)
- ☐ Skjaldbingsstaðir (527)
- ☐ Kirkjubæjarklaustur (772)
- ☐ Vatnsskarðshólar (802)
- ☐ Stórhöfði (815)
- ☐ Hæli (907)
- ☐ Eyraþakki (923)
- ☐ Hjarðarland (931)
- ☐ Keflavíkurflugvöllur (990)
- ☐ Grímsey (3976)

Select Clear

Mæling

- ☐ Loftþiti
- ☐ Vinddætt
- ☐ Rakastig
- ☒ 10 mín. meðalvindhraði
- ☐ Úrkoma

Select Clear

Q

Mynd 1: Mælistöðvar eru valdar á gagnvirkri korti þar sem hægt er að þysja og skruna á þægilegan hátt og velja þær stöðvar sem óskað er eftir með því að smella á þær á kortinu, eða afmarka svæði til að velja allar stöðvar innan. Ennfremur er hægt að velja stöðvar úr lista hægra megin við kortið. Tímabil mælinga er valið úr dagatalsviðmóti sem sprettur upp þegar dagsetningareitirnir eru valdir. Tíðni mælinga (ár, mánður, dagur, klukkustund) er valin úr einföldum fellilista. Mæligildi eru valin með því að haka við við þau gildi sem óskað er eftir. Því næst er smellt á "áfram" hnappinn. Í þessu tilfalli hefur verið valið að skoða mæld klukkustundargildi á vindhraða í Reykjavík síðustu tólf mánuði.

Gagnatorg veðurupplýsinga

Tími				Reykjavík
Ár	Mánuður	Dagur	Klukkustund	10 mín. meðalvindhraði
2009	9	1	6	0.4
2009	9	1	3	1.4
2009	8	31	24	0.8
2009	8	31	21	1.8
2009	8	31	18	2.4
2009	8	31	15	3.6
2009	8	31	12	3.7
2009	8	31	9	1.2
2009	8	31	6	2.9
2009	8	31	3	1.0
2009	8	30	24	0.9
2009	8	30	21	2.3
2009	8	30	18	3.3
2009	8	30	15	4.0
2009	8	30	12	3.4
2009	8	30	9	0.2
2009	8	30	6	0.6
2009	8	30	3	1.9
2009	8	29	24	1.4
2009	8	29	21	0.8

1-4 <> >>

Sýni 1 - 20 af 2922

Íl Teikna graf


Breyta forsendum

Sækja sem CSV

Mynd 2: Eftir að hafa ýtt á "áfram" hnappinn birtist tafla með völdum mæligildum. Taflan er gagnvirk, þ.e. hægt er að breyta uppröðun á gögnum m.t.t. tíma (elstu mælingar fremst/aftast) og/eða gildum (hámarksgildi fremst/aftast o.s.frv.). Ennfremur má sækja gögnin og vista í einfaldri textaskrá.

Gagnatorg veðurupplýsinga

Sep 01 2008 03:00 - Sep 01 2009 06:00
10 mín. meðalvindhraði 0,4



Selected period (yyyy-mm-dd): 2008-09-01 03 - 2009-09-01 06

Periods: 6M 1Y All


Teikna töflu Breyta forsendum

Sækja sem CSV

Mynd 3: Loks má velja að teikna mæligildin upp sem fall af tíma. Þá kemur upp gagnvirkt línurit af þeim breytum sem voru valdar. Ef um fleiri en eina veðurstöð er að ræða teiknast gildi hverrar stöðvar með aðgreindum hætti.

Gagnatorg veðurupplýsinga

Jan 21 2009 19:00 - May 02 2009 10:00
10 mín. meðalvindhraði 8,4



Selected period (yyyy-mm-dd): 2009-01-21 19 - 2009-05-02 10

Periods: 6M 1Y All

Teikna töflu Breyta forsendum

Sækja sem CSV

Mynd 4: Hér er dæmi um hvernig gagnvirka línuritið virkar, búið er að þysja inn að styttra tímabil en upphaflega var valið. Allt tímabilið sést þó enn í neðri hluta grafsins.